



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. P 139/1788
komudagur 23. 3. 2011

Heilbrigðisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 18. mars 2011.

Efni: Viðbótarumsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna stofnunar nýs embættis landlæknis og lýðheilsu.

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) vísar til umsagnar sinnar um ofangreint mál dags. 6. desember 2010.

LÍ vill koma á framfæri viðbótaráþendingu vegna ofangreinds lagafrumvarps. Í 2. gr. laga nr. 41/2007, um landlækni kemur fram að ráðherra skipi landlækni til fimm ára í senn að fengnu mati nefndar skv. 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Landlæknir skal hafa sérfræðimenntun í læknisfræði og víðtæka reynslu eða menntun á sviði stjórnunar. Landlæknir ræður starfsfólk embættisins. Við embættið **skal** starfa aðstoðarlandlæknir og skal gera sömu kröfur til hans um menntun og starfsreynslu og gerðar eru til landlæknis. Í framangreindu frumvarpi er gerð breyting á gildandi 2. gr. laga um landlækni. Stærsta efnisbreytingin er sú að við sameinað embætti landlæknis og lýðheilsu á ekki að starfa aðstoðarlandlæknir, en skv. lögum um landlækni er aðstoðarlandlæknir staðgengill landlæknis. Engin rök eru færð fyrir því í athugasemdum eða skýringum í frumvarpinu af hverju ekki á að vera lengur lögbundið að til sé starf aðstoðarlandlæknis sem sé staðgengill landlæknis.

Samkvæmt lögum um landlækni sinnir embættið mikilvægum verkefnum er snúa að eftirliti með heilbrigðisstarfsmönnum og heilbrigðisstarfsemi. Frá upphafi hefur það verið talið nauðsynlegt að í embætti landlæknis sé læknir og að staðgengill hans, aðstoðarlandlæknir, uppfylli sömu hæfisskilyrði. Það sætir því furðu að skýringalaust skuli starf aðstoðarlandlæknis lagt niður og engin rök færð fyrir jafn veigamikilli breytingu.

LÍ leggur því til að lokamálsliður 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

Landlæknir ræður starfsfólk stofnunarinnar, þ.á m. aðstoðarlandlækni, sem skal uppfylla sömu hæfisskilyrði varðandi menntun og starfsreynslu og landlæknir og vera staðgengill hans.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir,
formaður

Afrit: Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra
Geir Gunnlaugsson, landlæknir